

9

Að vaxa í Kristi

Í síðasta námsefni rannsökuðum við hvað trú er. Við sáum að betra orð fyrir trú er traust. Og við lærðum að við byrjum að treysta Guði með því að lesa í Orði hans, biðja til hans og treysta honum fyrir lífi okkar.

Vilt þú vaxa andlega? Þú getur ekki vaxið með því að einblína á vöxtinn. Sennilega er ekkert skaðlegra hinum andlega vexti en að vera stöðugt að kanna árangurinn. Er markmið þitt að ná „vaxtartakmarki Krists fyllingar“? Efesus 4.13. Veltir þú því stundum fyrir þér hvort þú sért að vaxa yfirleitt? Það er ein leið til að ganga úr skugga um það. Athugaðu hvort þú sért að fá næringu. Vex maður ekki með því að borða af brauði lífsins? Í þessu námsefni lærum við hvernig við vöxum í kristinni trú. Hvers væntir Guð af mér? Hvaða þátt á Guð í þessu ferli og hvaða þátt á ég?

1. Hver er vöxturinn í hinu kristna lífi? 2 Pétursbréf 3.18 _____

2. Hvar öðlumst við þessa náð? Hebreabréfið 4.16 _____

3. Hvar öðlumst við þekkingu á Jesú Kristi? 1 Pétursbréf 2.2-3

Ath. Er við rannsökum Orðið öðlumst við frekari skilning á Jesú.

4. Hvað þarf að vaxa? 2 Þessaloníkubréf 1.3 _____

Ath. Trú okkar verður að vaxa í stöðugu trausti á Guði. Pétur er gott dæmi um ástand okkar. Hann einblínir á Jesú, fer úr bátnum og út á vatnið til þess að vera með honum, en um leið og hann hættir að horfa til Jesú og fer að treysta á sjálfan sig...byrjar hann að sökkva. Það er ekki óvanalegt að trú okkar bregðist stundum á sama hátt.

5. Hvað þarf nauðsynlega að vaxa og bera ávöxt? Jóhannes 15.4

Ath. Vöxtur í hinu kristna lífi er að læra að treysta Guði meira og meira. Þetta tilboð, að treysta Guði, er allt eða ekkert. Það er ekkert sem heitir traust að hluta til eða gefa sig Guði á vald að hluta til. Á hvaða gefna tíma hefur þú annaðhvort gefið þig Guði á vald eða ert að treysta á sjálfa(n) þig.

6. Mun Kristur einhvern tíma yfirgefa okkur? Rómverjabréfið 8.35, 38-39 _____

9-2

Ath. Ekkert getur gert okkur viðskila við kærleika Krists; þess vegna, ef við föllum og okkur verður á, þurfum við ekki að bíða eftir að Guð „rói sig“. Við gefumst ekki upp og ákveðum að við munum aldrei komast til himna. Við reynum ekki að bæta úr hlutunum í eigin mætti og förum síðan aftur til hans. Við komum strax til hans, játum syndir okkar og þörf okkar fyrir hann. Samband okkar við Guð helst í gegnum allt.

7. En getum við orðið viðskila við Krist? Jóhannes 15.6

*Ath. Guð mun **aldrei** yfirgefa okkur, en við getum tekið þá ákvörðun að yfirgefa hann.*

8. Erum við sterk eða veik að eðlisfari? Matteus 26.41

9. Hvernig styrkjumst við? 2 Korintubríf 12.9-10

Ath. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að við vöxum ekki með því að verða sterkari og sterkari. Við vöxum þegar við gerum okkur grein fyrir því daglega hversu veikburða við erum og hversu háð við erum náð Guðs.

10. Hvernig á ég að halda sambandi mínu við Krist? Kólossubrésið 2.6

Ath. „Má vera að þú spyrjir: „Hvernig á ég að vera í Kristi?“ – Á sama hátt og þú tókst á móti honum í byrjun... Þú gafst þig Guði til þess að vera hans heill og óskiptur, að þjóna honum og hlýða. Þú tókst á móti Kristi sem frelsara þínum. Þú gast ekki sjálfur friðþægt fyrir syndir þínar eða breytt hjarta þínu. En þar sem þú hafðir gefist Guði, trúðir þú því að hann gerði þetta allt fyrir þig sakir Krists. Fyrir trú varðst þú eign Krists og fyrir trú átt þú að vaxa í honum – með því að gefa og taka á móti. Þú átt að gefa allt – hjarta þitt, vilja og þjónustu – gefa honum sjálfan þig til að hlýðnast öllum boðum hans. Og þú verður að taka við öllu – Kristi, fyllingu allrar blessunar, til að dvelja í hjartanu og vera styrkur þinn, réttlæti þitt og hinn eilífi hjálpari þinn – til að veita þér kraft til að hlýða.“

Vegurinn til Krists, bls. 84.

11. Hver er lykillinn að kristnum vexti? Hebreabrésið 12.2-3

Ath. „Þegar hugurinn dvelur við okkur sjálf, beinist hann frá Kristi, uppsprettu lífs og máttar. Þess vegna leitast Satan ætíð við að beina huga okkar frá frelsaranum, því að þannig hindrar hann að mannsálin hafi samband og samfélag við Krist. Lystisemdir heimsins, áhyggjur lífsins, ráðgátur þess og sorgir, ágallar annarra eða eigin ávirðingar þínar og ófullkomleiki – hann reynir að beina huga manna að einhverju einu af þessu eða því öllu.“

Vegurinn til Krists, bls. 84.

9-3

12. Hvað gerist þegar við einblínum á Jesú? Jóhannes 15.5; Filippíbréfið 4.13

Samantekt: Margir hafa þá ranghugmynd að andleg fæðing komi frá Guði en andlegur vöxtur sé á þeirra eigin ábyrgð. En það er einfaldlega ekki hægt að vaxa í náð í eigin vanmætti. Vöxtur er gjöf frá Guði. Og við höldum áfram að taka á móti gjöfum hans er við bjóðum honum daglega inn í líf okkar.

Þegar hann býður okkur að treysta honum algjörlega, þegar hann biður okkur um að viðurkenna vanmátt okkar án hans, þá er hann ekki að bjóða okkur líf í aðgerðarleysi. Það líf sem Guð stjórnar er gagnlegast og áorkar mestri þjónustu fyrir aðra. Allt megnun við fyrir hjálp Krists.

Svör við nr. 9

Spurning 1 – Að vaxa í náð og þekkingu á Kristi

Spurning 2 – Hjá Guði

Spurning 3 – Í Orði hans

Spurning 4 – Trú okkar

Spurning 5 – Samband okkar við Jesú

Spurning 6 – Nei

Spurning 7 – Já

Spurning 8 – Veik

Spurning 9 – Með því að treysta á mátt Krists

Spurning 10 – Með því að taka á móti honum daglega

Spurning 11 – Að beina sjónum okkar til Krists

Spurning 12 – Við berum mikinn ávöxt